

REGLUGERÐ

um gjaldeyrisverzlun o. fl.

50

14. júní

Samkvæmt heimild í lögum nr. 73, 31. des. 1937, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um gjaldeyrisverzlun o. fl.

I. KAFLI

Um gjaldeyrisverzlunina.

1. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri og því er öllum þeim, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyri, skylt að selja hann til nefndra banka, útibúa eða gjaldeyrisskiptistöðva þeirra, með þeim undantekningum, sem ræðir um í 2. og 3. gr. eða leiða af fyrirmælum þeirra greina, og óheimilt að kaupa erlendan gjaldeyri af öðrum en nefndum bönkum, með þeim undantekningum, sem ræðir um í 2. og 3. gr. eða leiða af fyrirmælum þeirra greina.

Að selja erlendan gjaldeyri er að láta hann af hendi fyrir íslenzkan gjaldeyri eða aðra greiðslu, í hverju sem er fólgin, en að kaupa erlendan gjaldeyri er að fá hann fyrir íslenzkan gjaldeyri eða aðra greiðslu, í hverju sem fólgin er.

Til gjaldeyris telst myntaðir peningar, peningaseðlar, ávísanir, víxlar, skulda-bréf og önnur verðbréf og skuldbindingar, sem hljóða um greiðslu í peningum.

Þegar nefndir bankar, útibú eða gjaldeyrisskiptistöðvar þeirra, taka á móti erlendum peningum gegn greiðslu í íslenzkum peningum, skal fara eftir skráðu kaupengi.

2. gr.

Fyrirmæli 1. mgr. 1. gr. reglugerðar þessarar, sbr. ákvæði 2., 3. og 4. mgr. sömu greinar, taka að því leyti til erlends gjaldeyris, sem hér búsettir menn og hérlandfélög og aðrar ópersónulegar stofnanir eiga eða eignast erlendis, að þessum aðiljum er óheimilt að selja þenna gjaldeyri til annara en banka þeirra, sem ræðir um í 1. gr. Aðiljar þessir — að undanteknum þeim, sem ræðir um í 1. mgr. 3. gr. — mega þó selja erlendis erlendan gjaldeyri, sem þeir eignast þar fyrir starfsemi eða vinnu, sem þar er innt af hendi og þar er greitt fyrir, en hvorki má láta þenna siðast-nefnda gjaldeyri fyrir íslenzkan gjaldeyri til annara en banka þeirra, sem ræðir um í 1. gr., né láta fyrir þenna erlenda gjaldeyri koma aðra greiðslu, sem hér er eða á að fara fram hér.

Enn fremur er skipverjum á íslenzkum skipum heimilt að selja erlendis erlendan gjaldeyri, sem þeir fá greiddan í erlendri höfn samkvæmt ákvæðum laga nr. 41 19. maí 1930, en hvorki má láta þenna erlenda gjaldeyri fyrir íslenzkan gjaldeyri til annara en banka þeirra, útibúa eða gjaldeyrisskiptistöðva, sem um ræðir í 1. gr., né láta fyrir þenna erlenda gjaldeyri koma aðra greiðslu, sem hér er eða á að fara fram hér.

3. gr.

Erlendis er eigendum íslenzkra skipa og annara farartækja heimilt að láta af hendi erlendan gjaldeyri, sem þeir fá í flutningsgjöld, fargjöld og önnur slík gjöld, sem þar eru innt af hendi, til greiðslu á skyldugreiðslum til skipverja og starfsmanna sinna erlendis og á öðrum nauðsynlegum kostnaði vegna afgreiðslu og veru skipanna og farartækjanna erlendis, svo og nauðsynjum skipanna og farar-

50 tækjanna þar til er þau koma hingað, en skylt er eigendum skipanna og farartækjanna að gera gjaldeyris- og innflutningsnefnd fullnægjandi grein fyrir öllum slíkum greiðslum í erlendum gjaldeyri.

Peir, sem ætla að kaupa og greiða hér á landi vörur, sem síðan á að flytja til útlanda, og samkvæmt fyrirmælum 6. gr. reglugerðar þessarar eiga að greiðast í erlendum gjaldeyri, sem renna skal til banka þeirra, sem ræðir um í 1. gr., skulu afhenda bönkunum erlenda gjaldeyrinn og fá vottorð frá bönkunum um það, að þeir hafi greitt fyrir erlenda gjaldeyrinn íslenzkan gjaldeyri, sem þessir menn megi greiða og kaupa fyrir útflutningsvörur, enda verði vottorð um þetta lagt fyrir tollstjórnara eða umboðsmenn þeirra, þegar afhent er skýrsla sú, sem ræðir um í 7. gr.

Peir, sem taka á móti andvirði útfluttra vara þegar öðruvísi stendur á en segir í 2. mgr. þessarar greinar, sbr. ákvæði 6. gr. og 6. liðs b. 8. gr., skulu án ónaðsynlegrar tafar afhenda það bönkum þeim, sem ræðir um í 1. gr.

4. gr.

Allir, sem koma hingað til lands frá útlöndum, hvort sem eru skipverjar og farþegar á skipum eða farþegar og starfsmenn á öðrum farartækjum, skulu á fyrstu höfn, sem skipið eða farið tekur hér á landi, gefa og afhenda tolleftirlitsmanni, sem afgreiðir skipið eða farið, skýrslu um það, hversu mikinn erlendan gjaldeyri þeir hafi eða flytji til landsins frá útlöndum, ásamt skýrslu um það, hvort og ef svo er hversu mikinn íslenzkan gjaldeyri þeir hafi meðferðis eða flytji til landsins frá útlöndum og hvernig hann sé til kominn, svo og skuldbinding um það, að afhenda einungis Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h.f., útibúum eða löggiltum gjaldeyrisskiptistöðvum þeirra, allan þann erlenda gjaldeyri, sem þeir komi til að skipta eða nota á annan hátt hér á landi.

5. gr.

Bankar þeir, er nefndir eru í 1. gr., selja erlendan gjaldeyri samkvæmt leyfum gjaldeyris- og innflutningsnefndar, og fari salan að öðru leyti fram eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur um hana. Leyfi þarf þó eigi til þess að inna af hendi erlendar greiðslur af lánum ríkissjóðs, lánnum bæjar- og sveitarfélaga og lánnum þeim, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, eða greiðslum erlendis í þarfir bankanna.

Ef sérstaklega stendur á, er bönkunum heimilt, með samþykki eigenda, að taka við greiðslu á erlendum kröfum til geymslu í lokuðum reikningum í íslenzkum krónum.

Ráðstafanir þær, sem bankarnir kunna að hafa gert um inneignir útlendinga í íslenzkum reikningum fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, skulu halda gildi sínu.

II. KAFLI

Um útflutning vara.

6. gr.

Útflytjendum íslenzkra afurða og annara vara er skylt að láta fyrir þær koma erlendan gjaldeyri og afhenda hann til banka þeirra, sem ræðir um í 1. gr., með þeim undantekningum, sem taldar eru hér á eftir.

Skylda sú, sem ræðir um í 1. mgr., til að skila erlendum gjaldeyri fyrir vörur, sem fluttar eru frá landinu, tekur ekki til:

1. Skipa, annara en þeirra, sem seld eru til útlanda og afskráð eru hér sem íslenzk skip. Tilsvarandi gildir um flugtæki.
2. Innstæðumuna, vista og annara nauðsynja, sem voru í skipinu eða farartækinu

þegar það kom hingað frá útlöndum og ekki hafa verið fluttar úr skipinu eða farartækinu hér. 50

14. júní

3. Annara vara, sem voru í skipi eða öðru farartæki, þegar það kom hingað frá útlöndum og ekki hafa verið fluttar úr því. Þetta tekur þó ekki til afla íslenskra veiðiskipa.
4. Fatnaðar og annara nauðsynja, sem heyra til skipverjum í skipum og starfsmönnum í öðrum farartækjum, sem fara til útlanda, að svo miklu leyti sem farangur þessi er til eigin nota skipverjanna eða starfsmannanna í skipinu eða farartækinu, að álitu tolleftirlitsmanns.
5. Fatnaðar og annara nauðsynja, sem farþegar á skipum eða öðrum farartækjum hafa með sér til útlanda til eigin nota á ferðalaginu.
6. Notaðra heimilismuna og annara nauðsynja manna, sem eru að flytja til útlanda.
7. Endursendra aðfluttra vara, sem ekki eru seldar til útlanda eða eiga að seljast þar og engin greiðsla kemur fyrir, nema greitt hafi verið fyrir þær við innflutning.
8. Gjafa og sýnishorna, sem engin greiðsla kemur fyrir.

7. gr.

Áður en vörur eru fluttar héðan til útlanda, skulu útflytjendur afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu á þar til gerð eyðublöð um hina útflyttu vöru, og afrit af farmskirteini eða fylgibréfi yfir vöruna, ef það hefir verið gefið út fyrir henni, svo og afrit af sölureikningi yfir vöruna, ef salan hefir farið fram, en ef salan fer fram síðar, þá skuldbinding um að afhenda sölureikning, þegar salan hefir átt sér stað.

Sölureikningar fyrir útflyttum vörum skulu hljóða um greiðslu í erlendri mynt, en á skýrslum þeim, sem um ræðir í 1. mgr., skal söluverðið gefið upp í íslenskri mynt og skal miða við dagsgengi.

Skýrslur þær og skjöl, sem ræðir um í 1. mgr. þessarar greinar, skulu afhentar svo tímanlega, að fram geti farið skoðun á vörunum, ef þörf krefur, áður en ferming þeirra á sér stað. Skýrslu þarf þó ekki að gefa um vörur þær, sem um ræðir í tölulíðunum 1—5 í 6. gr. Hinsvegar ber að framvísa öllum slíkum vörum fyrir tolleftirlitsmanni, sem er að rannsókn í skipi eða farartæki eða afgreiðir það til útlanda.

8. gr.

Skýrsla sú eða yfirlýsing, sem ræðir um í 7. gr., skal vera skrifleg og tilgreina eftirtöld atriði:

1. Tölu, magn og tegund varanna.
2. Söluverð, ef salan hefir farið fram, annars fob. gangverð varanna.
3. Allan kostnað, sem greiddur er í íslenskum gjaldeyri og fellur á vörurnar eftir að þær eru komnar um borð í skipið eða farartækið, sem flytur vörurnar til útlanda, svo sem flutningsgjald og váttrygging.
4. Ákvörðunarstað varanna.
5. Nafn og heimili viðtakanda varanna.
6. Hvar og hvernig vörurnar séu greiddar eða eigi að greiðast:
 - a. Hafi vörurnar verið greiddar fyrir fram, ber útflytjanda að leggja fram vottorð frá bönkunum um það, að þeir hafi móttækið andvirðið í erlendum gjaldeyri, sbr. ákvæði 2. mgr. 3. gr.
 - b. Eigi greiðsla að fara fram síðar, ber útflytjendum að undirrita skuldbinding um það, að skila andvirðinu í erlendum gjaldeyri til bankanna og skal þá tilgreint hvenær og í hvaða banka greiðslan sé væntanleg.

50
14. júní

- c. Hafi útflytjendur heimild gjaldeyris- og innflutningsnefndar til að ráðstafa andvirðinu sjálfir, ber þeim að leggja fram fyrir tollstjóra eða umboðsmenn þeirra heimildarskjal þar að lútandi til áritunar.

9. gr.

Annað samrit af farmskrá þeirri, sem ræðir um í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 63, 31. des. 1937, skulu tollstjórar eða umboðsmenn þeirra senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd, ásamt skjölum þeim, sem ræðir um í 7. gr.

Aðalfarmskrá þá, sem ræðir um í 2. mgr. 33. gr. framannefndra laga nr. 63, 31. des. 1937, skulu tollstjórar eða umboðsmenn þeirra, fyrst um sinn og þar til er önnur skipun verður á því gerð, senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd.

Auk farmskráa, sem skipstjórar, farstjórar og afgreiðslumenn skipa og annara farartækja skulu gera yfir útflutningsvörur, sem skipið eða farartækið hefir tekið til flutnings og koma á farmskrá, skulu skipstjórar eða farstjórar gera og afhenda tolefftirlitsmanni áður en skipið eða farartækið leggur úr höfn, skrá yfir vörur þær, sem skipið eða farartækið hefir tekið úr landi og ætlaðar eru útflutningsskipinu eða farartækinu sjálfu, skipverjum eða starfsmönnum og farþegum til neyzlu og notkunar í skipinu eða farartækinu.

Skipstjórar eða farstjórar eru enn fremur skyldir til að gefa tolefftirlitsmanni, ef ástæða þykir til, skýrslu um það, hvernig vörur þær, sem ræðir um í 3. mgr. þessarar greinar, hafa verið greiddar eða verða greiddar og til hvers eða hverra greiðslan hefir gengið eða á að ganga.

10. gr.

Bankarnir skulu senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd vikulega sundurliðaða skýrslu um allar innborganir, sem þeim berast í erlendum gjaldeyri. Skal í skýrslu þessari greind fjárhæð, greiðsludagur, hver hafi afhent bankanum fjárhæðina og fyrir hvað greiðslan sé.

11. gr.

Eigendum íslenzkra veiðiskipa, sem selja eigin afla erlendis, skal heimilt að ráðstafa þeim hluta andvirðisins, sem nauðsyn krefur, til greiðslu á skyldugreiðslum til skipverja og nauðsynja skips þar til er það kemur til hafnar hér á landi, en skylt er þeim að gera gjaldeyris- og innflutningsnefnd fullnægjandi grein fyrir öllum slíkum greiðslum, svo og að afhenda bönkunum alt annað andvirði aflans.

III. KAFLI

Um innflutning vara.

12. gr.

Engar vörur — þar með talin skip og önnur farartæki, sem keypt eru hingað til lands — má flytja til landsins, með þeim undantekningum, sem taldar eru hér á eftir, nema fyrir liggi leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar.

Leyfi nefndarinnar þarf ekki til þess að flytja til landsins:

1. Skipsinnstæðumuni og innstæðumuni í öðrum farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, og munir þessir eru tilheyrandi skipinu eða farartækinu og verða ekki fluttir úr þeim í land, í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan landhelginnar.
2. Vistir og aðrar nauðsynjar, sem eru í skipum eða öðrum farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, og vistir þessar og nauðsynjar verða áfram í skipinu því til notkunar, skipverjum, starfsmönnum annara farartækja og farþegum til neyzlu eða notkunar í skipinu eða farartækinu, enda séu

vistir þessar og nauðsynjar ekki tollskyldar eftir tolllögum. Um innsiglan 50 vistaforða og annara nauðsynja í skipi eða öðrum farartækjum fer eftir toll- 14. júní lögum.

3. Aðrar vörur, sem eru í skipi eða öðru farartæki, sem kemur hingað til lands frá útlöndum, og vörur þessar eru ekki settar hér á land eða fluttar í annað skip eða farartæki á höfnum inni eða innan landhelginnar, enda sé tolleftirlitsmönnum afhentar skrár yfir vörur þessar og vörurnar innsiglaðar af þeim, ef við verður komið.
4. Fatnað og aðrar nauðsynjar, sem tilheyra skipverjum á skipum og starfsmönnum á öðrum farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tolleftirlitsmenn telja farangur þenna til eigin nota skipverjanna sjálfra eða starfsmannanna í skipinu eða farartækinu.
5. Fatnað og aðrar ferðanauðsynjar, sem tilheyra farþegum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tolleftirlitsmenn telja farangur þenna til eigin nota farþeganna á ferðalaginu.
6. Íslenzkar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum og þær voru sendar í héðan, og þeim fylgir vottorð erlendrar tollstjórnar um það, að varan sé komin í erlent tollumdæmi héðan og send þaðan í sömu umbúðum og hún kom þangað.
7. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota sendiherra erlendra ríkja og annara, sem samkvæmt venju njóta hér tollfrelsis, eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.

13. gr.

Skipstjórar, farstjórar og afgreiðslumenn skipa og annara farartækja mega ekki afhenda viðtakendum aðfluttar vörur, sem leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar þarf til að flytja megi hingað til lands, nema með samþykki hlutaðeigandi tollstjóra eða umboðsmanns hans, en þeir veita ekki slíkt samþykki nema fyrir liggi leyfi nefndarinnar til að flytja vörurnar inn.

Póstafgreiðslumenn afhenda ekki vörur, sem koma í pósti, nema fyrir liggi leyfi nefndarinnar til að flytja vörurnar inn.

14. gr.

Innflytjendum ber að afhenda tollstjórum og umboðsmönnum þeirra innflutningsleyfi fyrir vörum og innkaupsreikninga yfir þær, ef þær hafa verið keyptar erlendis, áður en vörurnar eru teknar til tollmeðferðar, en þegar vörur eru tollskoðaðar skal bera innflutningsleyfin saman við innkaupsreikningana og vörurnar.

IV. KAFLI

Um innflutning og útflutning íslenzks gjaldeyris og gjaldeyris skýrslur við brottför.

15. gr.

Það er bannað að flytja til útlanda íslenzkan gjaldeyri, með þeim undantekningum, sem hér segir:

1. Hér búsettir menn, er ferðast til útlanda sem farþegar og ætla að koma hingað aftur, mega hafa með sér allt að 350 kr. til þess — og að eins til þess — að greiða með fæði, þjónustugjald og annan áþekkan kostnað með skipi eða öðru farartæki frá Íslandi til erlendrar hafnar, og farseðil, fæði, þjónustugjald og annan áþekkan kostnað frá erlendri höfn til Íslands, enda gefi þessir menn skýrslu um það, áður en þeir fara til útlanda, hversu mikla peninga þeir hafi með sér til útlanda í þessu skyni, svo og skuldbinding um það, að láta þessa

50
14. júní

peninga einungis af hendi til greiðslu á nefndum kostnaði, og við komu sína aftur hingað til lands skýrslu um það, hvort þeim peningum, sem þeir höfðu meðferðis til útlanda, hefir öllum verið varið til greiðslu á framannefndum kostnaði.

2. Skipverjum á skipum og starfsmönnum á öðrum farartækjum ber hinsvegar að gefa og afhenda yfirlýsing um það, áður en skip leggur úr síðustu höfn héðan til útlanda, að þeir hafi ekki meðferðis eða flytji til útlanda íslenzkan gjaldeyri. Tolleftirlitsmönnum er þó heimilt að leyfa skipstjórum á farþegaskipum og farstjórum á öðrum farþegafarartækjum, sem verða í förum milli Íslands og útlanda, að hafa með sér íslenzka peninga til þess að geta gefið til baka við greiðslur á farseðlum, fæði, þjónustugjaldi og öðrum kostnaði, sem farþegar, samkvæmt ákvæðunum í tölulið 1 í þessari grein, mega greiða utan Íslands í íslenzkum peningum, en leyfi þetta er þó bundið því skilyrði, að skipstjórnarnir og farstjórnarnir skuldbindi sig til að afhenda ekki peninga þessa utan Íslands til annars en að gefa til baka við greiðslu á framannefndum leyfilegum greiðslum í íslenzkum peningum, og að þeir séu skyldir til að gefa skýrslu um notkun þessara peninga í þessu skyni, ef ástæða þykir til.

16. gr.

Það er bannað að flytja til landsins frá útlöndum íslenzkan gjaldeyri, með þeim undantekningum, sem hér segir:

1. Hér búsettir menn, sem hafa ferðast héðan til útlanda og koma hingað aftur frá útlöndum, mega flytja hingað óeyddar eftirstöðvar af 350 kr., sem þeir tóku með sér til að greiða með kostnað þann, sem um ræðir í 1. tölulið 15. gr.
2. Skipverjar á skipum og starfsmenn á öðrum farartækjum, sem eru í förum milli Íslands og útlanda og koma hingað, mega flytja hingað þá peninga, sem þeir hafa tekið á móti frá farþegum til greiðslu á kostnaði þeim, sem ræðir um í 1. tölulið 15. gr., enda séu peningar þessir greiddir til skipverjanna eða starfsmannanna af farþegum, sem þeir vita eða mega vita, eftir öllum atvikum að dæma, að séu búsettir hér og hafi ferðast héðan til útlanda og hafi haft með sér allt að 350 kr. Undanþága þessi er enn fremur bundin því skilyrði, að skipverjarnir eða starfsmennirnir eru skyldir til þess að skýra frá því, munnlega eða skriflega, ef tolleftirlitsmaður mælir svo fyrir, hversu mikið og frá hverjum þeir hafi tekið á móti íslenzkum peningum utan Íslands til greiðslu á kostnaði, sem um ræðir í 1. tölul. 15. gr. Enn fremur eru skipverjarnir eða starfsmennirnir skyldir til, ef ástæða þykir til, að sýna tolleftirlitsmanni kvittun frá útgerð skips eða annars farartækis eða umboðsmanni útgerðarinnar hér fyrir því, að þeir hafi tekið á móti íslenzkum peningum, sem skipshöfnin eða áhöfn farartækisins hefir tekið á móti fyrir skipsins hönd eða útgerðarinnar.
3. Skipstjóra eða farstjóra er heimilt að flytja inn óeyddar eftirstöðvar af íslenzkum skiptipeningum, sem tolleftirlitsmaður hefir leyft honum að taka með til útlanda, samkvæmt heimild í 2. tölulið 15. gr.
4. Heimilt er að flytja inn ávísanir, sem gefnar eru út erlendis á banka þá, sem ræðir um í 1. gr., enda innleysi bankarnir ekki ávísanir þessar, nema tilsvaramandi erlendur gjaldeyrir hafi komið fyrir, ef um því líkar greiðslur er að ræða, sem erlendur gjaldeyrir á að koma fyrir, samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.
5. Þá er og heimilt að flytja inn ávísanir, sem erlendar póststjórnir gefa út, enda komi tilsvaramandi erlendur gjaldeyrir fyrir þær.

17. gr.

Allir, sem búsettir eru hér á landi og ætla að ferðast til útlanda, með þeim undantekningum, sem taldar eru þegar hér á eftir, skulu gefa, áður en þeir leysa farseðil, eða ef þeir ferðast ókeypis, áður en þeir fara, skýrslu um það, hvort þeir hafi aflað sér nauðsynlegs erlends gjaldeyris á löglegan hátt, eða hvort þeir geti séð sér farborða erlendis án þess að brjóta íslenzka gjaldeyrislöggjöf.

Hér búsettir menn, sem skráðir eru sem skipverjar á skip eða heyra til áhafnar á öðrum farkosti, sem ætla til útlanda, eru undanþegnir því að gefa skýrslu þá, sem ræðir um í 1. mgr. þessarar greinar, enda taki þeir laun sem skipverjar eða starfsmenn á farartækinu og ætli ekki að láta afskrá sig í erlendri höfn og koma því með skipinu eða farartækinu þegar það kemur hingað aftur frá útlöndum. Enda þótt skipstjórar séu ekki skráðir í skiprúm, tekur þó hér umrædd undanþága til þeirra, enda verði þeir ekki eftir í útlöndum.

Það liggur undir úrskurð hlutaðeigandi tollstjóra, hverjir skuli taldir hér búsettir og því skyldir til að gefa skýrslu þá, sem ræðir um í 1. mgr. þessarar greinar, og ef vafi telst á um það, hvort maður geti talizt búsettur hér, skulu skipstjórar og farstjórar eða afgreiðslumenn skipa og annara farartækja ekki selja slíkum mönnum farseðil eða leyfa þeim far, fyr en hlutaðeigandi tollstjóri hefir kveðið á um það, hvort maðurinn skuli gefa eða ekki gefa skýrslu þá, sem ræðir um í 1. mgr. þessarar greinar.

18. gr.

Allir, sem fara héðan til útlanda og ekki gefa skýrslu þá, sem um ræðir í 17. gr., skulu áður en þeir leysa farseðil, eða ef þeir ferðast ókeypis, áður en þeir fara, gefa skýrslu um það, hversu mikinn erlendan gjaldeyri þeir hafi meðferðis eða flytja til útlanda og hvort þeir hafi flutt hann hingað frá útlöndum eða fengið hann annarsstaðar, svo og yfirlýsing um það, að þeir hafi ekki meðferðis eða flytji til útlanda íslenzkan gjaldeyri.

V. KAFLI

Um umsóknir til gjaldeyris- og innflutningsnefndar o. fl.

19. gr.

Umsóknir um gjaldeyris- og innflutningsleyfi skal senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd með hæfilegum fyrirvara, ásamt þeim skýrslum og gögnum, sem nefndin telur nauðsynleg. Nefndinni er heimilt að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem henni þykir ástæða til.

20. gr.

Tollstjórar, hver fyrir sitt umdæmi, skulu láta Hagstofu Íslands í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru, jafnskjótt og skip eða farartæki, sem vöruna flytur, leggur frá landi. Enn fremur skulu þeir eigi síðar en 5. hvers mánaðar láta hagstofunni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan, og skal skýrslan vera í því formi, sem hagstofustjóri ákveður.

VI. KAFLI

Um leyfisgjald.

21. gr.

Til þess að standast kostnað við gjaldeyris- og innflutningsnefnd skulu allir þeir, sem fá innflutningsleyfi, greiða gjald 2% — tvo af þúsundi — af fjárhæð þeirri, er leyfið hljóðar um, þó eigi minna en 50 aura fyrir hvert einstakt leyfi. Gjald þetta

50 greiðir leyfishafi til þess tollstjóra, umboðsmanns hans eða póstafgreiðslumanns, 14. júní þar er hann vísar innflutningsleyfinu fram í fyrsta sinn, og greiðist þá gjaldið af öllu leyfinu.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

22. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. geta sett upp sérstakar gjald-eyrisskiptistöðvar, þar sem þeim þykir þurfa, svo og falið ákveðnum stofnunum eða einstökum mönnum að skipta erlendum gjaldeyri ferðamanna.

Landsbankinn skráir daglega kaupgengi á erlendum peningum og tilkynnir það útibúum sínum, Útvegsbankanum og gjaldeyrisskiptistöðvum.

23. gr.

Tolleftirlitsmönnum ber að framkvæma eftirlit til þess að tryggja það, að íslenskur gjaldeyrir sé ekki fluttur til útlanda og frá útlöndum hingað. Einnig ber póstafgreiðslumönnum að framkvæma eftirlit með bréfa- og bögglasendingum til þess að tryggja það, að íslenskur gjaldeyrir sé ekki fluttur til og frá útlöndum í pósti.

24. gr.

Ef tolleftirlitsmenn mæla svo fyrir, skulu farþegar, skipverjar og starfsmenn á farartækjum skyldir til að staðfesta fyrir þeim skýrslur þær og skuldbindingar, sem ræðir um í 4., 15., 17. og 18. gr. og gefnar skulu á þar til gerð eyðublöð.

Þegar nefndar skýrslur og skuldbindingar hafa verið útfylltar, skulu skipstjórar eða farstjórar láta safna þeim og afhenda þær tolleftirlitsmönnum svo tímanlega, að afgreiðsla skips eða farartækis þurfi ekki að tefjast verulega vegna athugunar og staðfestingar á skýrslum þessum og skuldbindingum.

25. gr.

Skipverjar á herskipum, sendiherrar erlendra ríkja og aðrir, sem eftir þjóðréttarreglum njóta hér exterritorialréttar, þurfa ekki að gefa skýrslur þær og skuldbindingar, sem um ræðir í reglugerð þessari. Fjármálaráðherra veitir, ef honum þykir ástæða til eftir atvikum, afbrigði eða undanþágu frá skýrslugerð þeirri, sem ræðir um í 4., 15. og 18. gr., fyrir farþega og skipverja á skemmtiferðaskipum.

26. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal gera eyðublöð undir skýrslur þær og skuldbindingar, sem ræðir um í reglugerð þessari. Nefndin skal senda eyðublöð þessi til tolleftirlitsmanna til útbýtingar.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd lætur gera, ef henni þykir ástæða til, sérstök eyðublöð undir skýrslu þá og yfirlýsing, sem gera skal yfir vörur þær, er seldar eru í skip eða önnur farartæki, sem eru í utanlandsförum og taka hér vörur til eigin nota eða neyzlu og notkunar farþegum og skipverjum eða starfsmönnum í öðrum farartækjum en skipum.

27. gr.

Allar skýrslur og skuldbindingar, sem ræðir um í reglugerð þessari, skulu tolleftirlitsmenn og póstafgreiðslumenn senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd.

Einnig skulu þeir senda nefndinni afrit af söluveikningum og afrit af farm-skírteinum, sem afhenda ber samkvæmt 7. gr.

28. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd ber að halda spjaldskrá yfir gjaldeyrisskýrslur, sem farþegar og skipverjar gefa við komu frá útlöndum og brottför til útlanda, og gefa tolfleffirlitsmönnum allar upplýsingar úr skýrslum þessum, sem tolfleffirlitsmenn þurfa við eftirlit sitt.

50

14. júní

29. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þeim, sem ræðir um í 1. mgr. 6. gr., og getur hún sett þau skilyrði fyrir veitingu slíkrar undanþágu, sem henni þykir ástæða til.

Enn fremur getur gjaldeyris- og innflutningsnefnd, með samþykki fjármálaráðherra, veitt undanþágu frá öðrum ákvæðum þessarar reglugerðar, ef sérstaklega stendur á.

VIII. KAFLI

Hegningarákvæði o. fl.

30. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 50000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Það telst meðal annars brot á reglugerð þessari að brjóta þau ákvæði, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd hefir sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingum, að rjúfa þær skuldbindingar, sem menn hafa tekið á sig samkvæmt fyrirmælum reglugerðar þessarar, að gefa rangar þær yfirlýsingar, sem fyrirskipaðar eru í reglugerð þessari, og vanræksla í að gefa yfirlýsingar þessar og skuldbindingar.

Nú finnst í vörzlum skipverja og farþega á skipum eða farþega og starfsmanna á öðrum farartækjum eða í skipi eða öðru farartæki gjaldeyrir, sem skipverjar, farþegar eða starfsmennirnir gáfu ekki upp á eyðublöð þau, sem fyrirskipað er í reglugerð þessari að útfylla áður en farið er til útlanda, og er það brot á reglugerð þessari og telst, að slíkan gjaldeyri hafi verið reynt að flytja til útlanda á ólöglegan hátt. Sama gildir ef gjaldeyrir, sem tilheyrir skipi eða öðru farartæki, finnst þar og skipstjóri eða farstjóri hafa ekki gefið hann upp á fyrirskipuð eyðublöð, sem útfylla ber áður en skipið eða farartækið fer til útlanda. Ef gjaldeyrir finnst í vörum eða farangri, sem afhentur hefir verið til útflutnings, skal litið svo á, að átt hafi að flytja hann út á ólöglegan hátt.

Sama gildir undir sömu kringumstæðum, eftir því sem við á, er skip eða annað farartæki kemur frá útlöndum.

31. gr.

Auk refsingar þeirrar, sem ræðir um í 30. gr., er upptækur sá ágóði, er fæst við brot á reglugerð þessari og skilyrðum, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd hefir sett fyrir leyfisveitingum.

Þá er og heimilt að gera upptækar með dómi vörur og íslenzkan gjaldeyri, sem er ólöglega fluttur frá útlöndum eða reynt er að flytja til útlanda á ólöglegan hátt.

32. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð almennra lögreglu-mála. Sektir samkvæmt reglugerð þessari renna í rikissjóð. Upptækar vörur og íslenzkur gjaldeyrir verður eign rikissjóðs.

50

33. gr.

14. júní

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 129 31. des. 1937.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 14. júní 1938.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

51

20. júní á venjulegan hátt að mandatun af dóms- og kirkjumálaráðherra 20. júní 1938.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Landvarnarsjóð Hjörseyjar.

Sjóðurinn er stofnaður 26. febr. 1936. Stofnfé sjóðsins eru kr. 2000,00 — tvö þúsund krónur — gjöf frá Guðmundi Bjarnasyni, klæðskerameistara, Aðalstræti 6, Reykjavík. Verkefni sjóðsins er að verja Hjörsey á Mýrum fyrir hverskonar skemmdum af völdum eyðandi náttúruaflla.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins, kr. 2000,00 — tvö þúsund krónur —, gjafir sem sjóðnum hlotnast og sá hluti vaxta, sem ekki kemur til úthlutunar, samkvæmt skipulagsskrá þessari, skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands (aðaldeild). Hið upprunalega stofnfé og það, sem þannig bætist við, má eigi skerða.

2. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands skal annast stjórn sjóðsins. Hún veitir fé til þeirra framkvæmda, sem heimilt er að styrkja samkvæmt skipulagsskrá þessari. Ávallt skal leita umsagnar breppsnefndar Hraunhrepps og trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands í Borgarfirði, eða þess manns, sem kemur í hans stað, áður en fjárveitingar eru ákveðnar.

3. gr.

Vextir allir og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast, skulu leggjast við höfuðstólinn, þangað til hann hefir náð 5000 krónum. Úr því falla $\frac{1}{2}$ — hálfir — vextir til útborgunar, unz sjóðurinn nemur 10000 krónum. Þá falla til útborgunar $\frac{3}{4}$ — þrír fjórðu hlutar — ársvaxta, þar til sjóðurinn nemur 50000 krónum. Úr því falla $\frac{1}{10}$ — níu tíundu hlutar — vaxtanna til útborgunar. Vaxtahlutar þeir, sem til útborgunar falla, skulu leggjast í útborgunardeild Söfnunarsjóðsins jafnóðum, til ráðstöfunar fyrir stjórn sjóðsins, eftir því sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja eigendur eða ábúendur Hjörseyjar til þess að gera varanlegar varnir gegn landbroti eða öðrum skemmdum á landi eyjarinnar, af sjávargangi, uppblæstri eða öðrum eyðandi náttúruöflum.